

Ed.

423. Þingsályktun

um opinber reikningsskil og gjaldheimtur og aukið tollefirlit.

(Samþykkt í Ed. 7. ágúst).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

I. a. að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873,

- b. að draga ekkert úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðsins,
 - c. að gera eftirlitsferðir hjá öllum gjaldheimtumönnum landssjóðsins að minsta kosti einu sinni á hverjum þremur árum, og oftár, ef sjerstakar ástæður eru til.
- II.
- a. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík,
 - b. að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er veiti póstmönnum heimild til að rannsaka grunsamar böggulsendingar frá útlöndum um leið og þær eru afhentar,
 - c. að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgæslu á öllu landinu, og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.